

## Fundargerð. *Aðalfundur Norðurár bs. 2022*

Aðalfundur Norðurár bs., haldinn 20. apríl 2021 kl. 14:00 í Menningarhúsinu Miðgarði Skagafirði.

Mættir fulltrúar eigenda voru: Sigfús Ingi Sigfússon fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð, Einar Kristján Jónsson fyrir Húnavatnshrepp, Zophaníás Ari Lárusson og Guðmundur H. Jakobsson fyrir Blöndósbæ, Halldór G. Ólafsson fyrir Sveitarfélagið Skagaströnd og Dagný Rósa Úlfarsdóttir fyrir Skagabyggð

Einnig sátu fundinn stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn Úlfarsson og Snorri Finnlaugsson.

Einnig sátu fundinn eftir atvikum Margeir Friðriksson, Kristján Jónasson, Stefán Gíslason frá Umhverfisráðgjöf Íslands ehf., og Smári Guðfinnsson frá Eflu Verkfræðistofu sem var í fjarfundarbúnaði.

### Dagskrá

1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Ársreikningur 2020.
4. Fjárhagsáætlun 2022.
5. Kosning stjórnar og endurskoðenda.
6. Ákvörðun um þóknun stjórnar.
7. Brennslustöð – staða verkefnisins.
8. Staða og horfur í úrgangsmálum
9. Önnur mál.

#### 1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara

Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Samþykkt samhljóða að Sigfús Ingi Sigfússon yrði fundarstjóri og að Einar E. Einarsson ritaði fundargerð.

#### 2. Skýrsla stjórnar

Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar þar sem hann fór meðal annars yfir helstu verkefni frá síðasta aðalfundi.

Sveitarstjórnnum á starfssvæðinu var sent erindi þar sem greint var frá fyrirhugaðri brennslustöð og þær hvattar til að skipuleggja og gjaldtaka móttöku á dýrahæum. Áfram var unnið að undirbúningi að brennslustöð en vísað til frekari kynningu á fundinum.

Stjórn fylgdi eftir endurnýjun starfsleyfisumsóknar sem er komin í gegnum alla ferla skýrslugerða og umsagna og er í vinnslu hjá UST. Væntingar stóðu til að nýtt starfsleyfi yrði gefið út á árinu 2021 en leyfið er enn í vinnslu og hefur meðal annars tafist vegna kórónuveirufaraldursins.

Aðildarsveitarfélögum sent erindi vegna svæðisáætlunar þar sem Norðurá bs tók að sér að vera mótaðili fyrir þeirra hönd vegna kostnaðarþátttöku.

Á urðunarstaðnum var tekið á móti um 20.479 tonnum á árinu 2021. Þar af voru 37,6 tonn endurvinnslu- og spilliefni sem ekki fóru til urðunar. Sláturúrgangur og dýrahrae voru 3.695 tonn og þar af voru 768 tonn dýrahrae sem er til skoðunar hvort hægt sé að brenna. Ketilryk og kolasalli sem var 1.382 árið 2020 barst ekki til urðunar. Reiknað er með einhverjum úrgangi frá PCC á árinu 2022. Í heild var urðað 5.600 tonnum minna en árið 2020. Móttaka á úrgangi gekk almennt vel og athugasemdir við eftirlit UST voru litlar sem engar.

Nokkur samskipti voru við PCC Bakki Silicon vegna úrgangs frá verksmiðunni þar sem greina þurfti sérstaklega efnainnihald og leggja mat á hvort heimilt væri að taka það til urðunar. Niðurstaða þeirrar athugunar var að heimilt væri að taka hluta af úrgangi frá verksmiðjunni til urðunar. Gassöfun og brennsla gekk vel á árinu og brennt 359.958 Nm<sup>3</sup> af lífgasi og 132.663 Nm<sup>3</sup> af metangasi. Metan er 25 sinnum skaðlegri gróðurhúsalofttegund en koltvísýringur þannig að með brennslunni losna 9 sinnum minna af gróðurhúsalofttegundum en ef metanið slyppi út í andrúmsloftið. Með brennslu metans í Stekkjarvík árið 2021 var því komið í veg fyrir losun á rúmlega 2 þúsund tonnum af CO<sub>2</sub> sem jafngildir því að fólksbíl hefði verið ekið í 10 milljónir km eða sem svarar nærri 7.700 hringferðum í kringum landið.

Framunan eru krefjandi verkefni við undirbúning að næstu stækkun urðunarhólfsins, hönnun og kostnaðarmat á brennsluofni og rekstraáætlun fyrir brennslustöðina.

### 3. Ársreikningur 2021

Kristján Jónasson frá KPMG gerði grein fyrir ársreikningi ársins 2021.

Megin niðurstöður ársreiknings sýna að rekstrartekjur félagsins námu 191,7 millj. kr. á árinu 2021 og lækkuðu um 65,0 millj. kr. milli ára eða um 25% sem skýrist af minna magni af sorpi sem barst til urðunar. Hagnaður félagsins á árinu 2021 nam 36,2 millj. kr. Eigið fé félagsins í árslok nam 582,6 millj. kr. (2020: 546,4 millj. kr.) að meðtöldu stofnfé félagsins að fjárhæð 12,6 millj. kr. Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 4,08 (2020: 4,4).

Eftir umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning 2021 var hvoru tveggja borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### 4. Fjárhagsáætlun 2023

Margeir Friðriksson lagði fram rekstraráætlun vegna ársins 2023 og uppfærða áætlun vegna ársins 2022. Í áætluninni fyrir árið 2023 er gert ráð fyrir sambærilegum rekstri og verið hefur

að viðbættri nýfjárfestingu vegna brennsluofns og hönnunar á stækkun urðunnarhólfsins að fjárhæð 80 m.kr.

Fundarstjóri bar fjárhagsáætlunina upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

#### 5. Kosning stjórnar og endurskoðanda

Fundarstjóri lagði fram tillögu um að aðalmenn í stjórn yrðu Einar E. Einarsson, Sveinn Úlfarsson og Magnús B. Jónsson. Til vara væru í sömu röð, Ingibjörg Huld Þórðardóttir, Stefán Gísli Haraldsson og Zophonías Ari Lárusson. Tillagan var samþykkt samhljóða. Jafnframt bar fundarstjóri upp þá tillögu að Kristján Jónasson endurskoðandi frá KPMG verði endurskoðandi Norðurá bs. árið 2022. Samþykkt samhljóða.

Snorri Finnlaugsson er tilnefndur áfram sem áheyrnarfulltrúi fyrir Flokkun Eyjafjarðar.

#### 6. Ákvörðun um þóknun stjórnar

Fundarstjóri flutti tillögu um að laun stjórnar fylgi sömu launaviðmiðum og hlutföllum og miðað er við hjá Sveitarfélaginu Skagafirði en þau viðmið taka mið af þingfarakaupi sem er nú 1.285.411 kr á mánuði. Samkvæmt því fær þá stjórnarformaður 2,5% eða 32.135 kr./fund en stjórnarmaður fær 1,6% eða 20.567 kr./fund. Varamenn fá sömu þókun og stjórnarmenn þurfi þeir að mæta á fund.

Samþykkt samhljóða.

#### 7. Brennslustöð – staða verkefnisins.

Smári Guðfinnsson frá Eflu fór yfir þá vinnu sem búið er að gera vegna hönnunar, áætlaðs stofnkostnaðar og áætlaðan rekstarkostnað við uppbyggingu og rekstur á ofni sem myndi brenna um 2.000 tonn af dýraleifum á ári. Þá er einungis átt við dýraleifar frá landbúnaði en ekki sláturúrgang frá afurðastöðvum. Fram kom að áætlaður stofnkostnaður við slíkan ofn væri í dag um 467 milljónir. Hjá UST liggur ósvoruð fyrirspurn um hugsanlega af setningu á blóðvatni og fráveituvatni en niðurstaða þess hefur meðal annars mikil áhrif á rekstarkostnaðinn.

Vardandi útboðsmál og fyrirkomulag þeirra þá er talið að best sé að bjóða bygginguna út sérstaklega en bjóða síðan út saman brennsluofn og annan sérhæfðan búnað sem þarf ásamt uppsetningu á öllu kerfinu.

Tímalína verksins sem enn þá er í vinnslu sýnir að frá því tekinn er endanleg ákvörðun um að fara í verkið líða um 20 mánuðir þar til allt ætti að verða klárt.

#### 8. Staða og horfur í úrgangsmálum

Stefán Gíslason hjá Umhverfisstofnun Íslands ehf., fór yfir stöðu og horfur í úrgangsmálum á Íslandi. Var erindið efnismikið og fróðlegt um ýmislegt sem snýr að sveitarfélögum, fyrirtækjum og fólkinu í landinu um förgun á þeim úrgangi sem til fellur. Stefán áætlað að sveitarfélögin séu að borga um 123 milljarða með förgun úrgangs á Íslandi, en áætlaður kostnaður við hann er um 270 milljarðar. Mikið verk er fram undan í að samræma og laga söfunun og endurvinnslu á því sem til fellur og telst í dag til úrgangs.

**9. Önnur mál**

Enginn.

Sigfús Ingi þakkaði fyrir sig og Magnús B. Jónsson sleit fundi og þakkaði starfsmönnum fundarins og fundarmönnum góðan fund.

Fundi slitið kl. 17:00

---

Einar E Einarsson

---

Sigfús Ingi Sigfússon